

## SAG 2B050/SAG 2B040

### Áfangalýsing:

Áfanginn er seinni söguáfanginn af tveimur sem allir nemendur Menntaskólans á Akureyri taka. Hann er beint framhald af SAG 2A050 og spannar það tímabil í sögu mannkyns og þjóðar sem kennt er við nútíma, þ.e. tímann frá 1789 fram til líðandi stundar. Innihald áfangans er það sama í öllum 2. bekk en umfangið og útfærslan frábrugðin. Á stundaskrá náttúrufræðisviðs eru 4,5 kennslustundir á viku en 6 á tungumála- og félagsgreinasviði. Þetta tímabil í sögu mannkyns er jafnframt kennt við öfgar þar sem framfarir og velsæld haldast í hendur við ógnir og örbirgð. Í áfanganum er áhersla lögð á sögu þessara andstæðna og við hana tvinnuð saga Íslands frá undirokun og fátækt til fullveldis og bættra lífskjara. Gert er ráð fyrir að nemendur skrifi heimildaritgerð, haldi fyrirlestur og vinni önnur verkefni sem tengjast efni áfangans, - þar með talin eru verkefni sem nemendur vinna og skila á Moodle-vef skólans.

### Markmið áfangans:

1. Að nemandinn fái þekkingu og tilfinningu fyrir hinum samfellda sögulega tíma sem og mismunandi skeiðum innan hans, bæði í sögu Íslands og umheimsins og geti greint samhengið þar á milli.
2. Að nemandinn verði læs á hin ólíku birtingarform sögunnar og geti miðlað þekkingu sinni og skilningi með fjölbreyttum hætti.
3. Að nemandinn þjálfist í að meta gildi og áreiðanleika heimilda, frásagna og sögulegra skýringa.
4. Að nemandinn þekki helstu drætti í sögu Vesturlanda síðustu tvær aldir og geti greint á hvern hátt þessi saga mótar heimsmynd samtímans.
5. Að nemandinn geti greint helstu breytingar í atvinnu-, efnahags-, og samfélagssögu Íslendinga á 19. og 20. öld og hvernig breytingarnar haldast í hendur við pólitíska þróun og fullveldi þjóðarinnar.

### Námsefni:

1. Gunnar Karlsson og Sigurður Ragnarsson. 2006. *Nýir tímar. Saga Íslands og umheimsins frá lokum 18. aldar til árpúsundamóta*. Mál og menning, Reykjavík.
2. Myndbönd, margmiðlunarefni og annað sem tengist efni áfangans.

## **Kennsluaðferðir:**

Stefnt er að því að kennsluhættir verði sem fjölbreyttastir. Hefðbundnar og sígildar aðferðir verða notaðar í bland við nýrri aðferðir og tækni samtímans. Fyrirlestrar og umræður þar sem aðalatriði eru tekin saman af hálfu kennara, ásamt ýmsum verkefnum, bæði munnlegum og skriflegum, liggja til grundvallar því starfi sem fram fer í kennslustundum. SAG 2B050/2B040 fjallar um tíma í sögu mannkyns sem ríkulega hefur verið fjallað um í kvikmyndum og á myndböndum. Þessa mun sjást merki í yfirferð áfangans.

## **Kennsluáætlun:**

Farið verður yfir fjóra fyrstu kafla kennslubókarinnar en þeim fimmta verður sleppt.

- 1.-3. vika: I. „Draumar um betra líf“ (bls. 9-64)
- 4.-7. vika: II. „Nýir hugmyndastraumar á Íslandi“ (bls. 65-136)
- 8. vika 3. - 12. apríl. Fyrirlestrar.
- 9.-11. vika: III. „Tækninýjungar til góðs og ills“ (bls.137-196)
- 12.-15. vika: IV. „Átök á heimsvísu“ (bls. 197-292)

## **Námsmat:**

Á tungumála- og félagsgreinasviði gildir áfanginn 5 einingar en á raungreinasviði 4. Yfirferð og verkefni eru eins á báðum sviðum en vægi verkefna á raungreinasvið hærra og þ.a.l. vægi lokaprófs lægra.

Eftirtaldir þættir liggja til grundvallar í mati áfangans:

- 1. Próf í lok annar. 70% (- TFS) 60% (-RGS)
- 2. Heimildaritgerð (skilað 12.4.). 15% (-TFS) 18% (-RGS)
- 3. Fyrirlestur. 5% (-TFS) 7% (-RGS)
- Moodle-verkefni. 10% (-TFS) 15% (-RGS)

Athugið að nemandi verður að ná 4,5 á lokaprófinu til að ljúka áfanganum.

## **Með ósk um velgengni og gott samstarf,**

Björn Vigfússon,  
Einar Brynjólfsson.